



Greinagerð aðalhönnuðar / byggingarlýsing.

Götuheiti : Lækjarbrekka 4, Grímsnes- og Grafingshreppi
 Landnúmer : 208532
 Staðgreinir : 8719-1-72250040

Um er að ræða byggingu sumarhúss til útleigu á vegum félagsamtaka.

Mhl. 01 101,9 m² 370,8 m³

Lóð 4694 m²
 Nýtingarhlutfall 0,02

Bílastæði 2

Hönnunarstjóri hússins er Kjartan Sigurbjartsson BFÍ.

1 Aðgengi

Aðkoma og húsnæðið sjálft er hannað á forsendum algildrar hönnunar samkv.gr. 6.1.2 og gr. 6.1.3 í byggingarreglugerð. Samkvæmt gr. 6.1.3 liður h í byggingarreglugerð ska hanna og byggja umferðarleiðir innan íbúðar með öll meginrymi á jarðhæð á grundvelli algildrar hönnunar. Hindrunarlausa umferðarbreidd allra inngangsdýra byggingar skal minnst vera 0,83 m og samsvarandi hindrunarlausa hæð minnst 2,07 m. Hindrunarlausa umferðarbreidd allra svala- og garðdýra skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2 m. Þröskuldur við inngangsdýr/útidyr og svala- og garðdýr skal ekki vera hærr en 25 mm. Hindrunarlausa umferðarbreidd allra innihurða skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2,00 m. Gangar og anddyri innan íbúða eru samkv. lið 4 gr. 6.4.4 í byggingarreglugerð. Baðherbergi skal uppfylla kröfu um algilda hönnun. Í einu herbergi, stofu, baðherbergi og í eldhúsi skal vera hindrunarlaust athafnarými. a.m.k 1,5 m að þvermáli.

Frágangur lóðamarka skal vera gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

2 Einangrun

Við ákvörðun einangrunar byggingarinnar var haft til hljóðsjónar leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarhluta samkv. gr.13.3.2. tafla 13.01 í byggingarreglugerð og ÍST 66:2016.

Kólnunartölur skv. byggingarreglugerð, tafla 13.01.

- Útveggir U - gildi = 0,30 w/m²C
- Pak U - gildi = 0,20 w/m²C
- Botnplata U - gildi = 0,30 w/m²C
- Gluggar og hurðar U - gildi = 2,0 w/m²C

Kólnunartölur byggingahluta skv. útreikningum.

- Útveggir U - gildi = 0,27 w/m²C
- Pak U - gildi = 0,19 w/m²C
- Botnplata U - gildi = 0,25 w/m²C
- Gluggar og Hurðar U - gildi = 1,80 w/m²C

Sökkulveggir eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun innan á sökkla en 100 mm plasteinangrun undir botnplötu. Útveggir er einangraðir með 145 mm steinullareinangrun. Pak er einangrað með 220 mm steinullareinangrun með vindvörn, tryggja skal amk 25 mm loftræst bil fyrir ofan einangrun fyrir loftun þaks. Loftun þaks skal vera samkvæmt útreikningi. Gluggar og hurðir eru ál/timbur. Gler í gluggum og hurðum skal vera samkvæmt Rb blaði um val glergerða fyrir íbúðarhús Rb. (31).121.1

3 Hljóðvist

Húsið skal að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45.

4 Brunahönnun

Byggingin er í notkunarflokki 3 samkv. gr. 9.1.3 tafla 9.01 í byggingarreglugerð.

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60. Klæðningar verða skv. staðlaröðinni ÍST EN 13501. Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 2 og gólfefni í flokki G, eða Dfl-s1. Pakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.) (t2). Slökkvitæki eru staðsett í forstofu samkv. gr. 9.4.4 í byggingarreglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í svefnherbergjum, alrými og geymslu samkv. gr. 9.4.3 í byggingarreglugerð. Reykskynjari í geymslu skal vera samtengdur reykskynjurum íverurýmis. Tvær flóttaleiðir eru frá hverju rými, önnur um aðalhurð og hin um svalahurðir eða björgunarop. Í öllum svefnherbergjum er björgunarop sem uppfylla kröfur byggingarreglugerðar gr. 9.5.5 um stærðir. Þannig skal gengið frá loftræsingunni að hún rýri ekki brunahöfnun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

5 Burðarþol

Byggingarefni hússins skal standast hérlendar kröfur, víðeigandi staðla og gæðavottun. Sökkulveggir og gólfplata eru staðsteypt. Burðarvirki útveggja er 150 mm timburgrind (sjá verkfræðiteikningar). Utan á timburgrind kemur 9 mm krossviður og loftræst liggjandi báruklæðning, dökk grátt að lit. Báruklæðning er brotin upp með standandi timburklæðning á suðausturhlíð. Loftræst bil skal vera að lágmarki 20 mm til að tryggja næga loftun og minnka rakasöfnun. Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Innan á útveggjagrind kemur rakavarnalag, tryggja skal að öll samskeyti rakasperu séu þétt, 34 x 45 mm lagnagrind og klæðning í flokki 2. Burðarvirki þaks er timbur (sjá verkfræðiteikningar) sem hvílir á útveggjum, burðarveggjum og bitum. Pakhalli er 16°. Loft eru upptekin í alrými en annars eru loft niðurtekin. Að ofan eru sperrur klæddar með 25 x 150 mm borðaklæðningu, gífsklædd ásamt pakpappa og báru klæðning. Neðan á burðarvirki kemur rakavarnalag, 45 x 45 mm raflagnagrind og klæðning í flokki 2. Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum burðarvirkishönnuðar. Léttir veggir eru hefðbundnir gífsveggir byggðir upp með álstoðum og gífsplötum, málaðir í ljósum lit. Veggir í votrymum skulu vera klæddir með rakaheldum plötum. Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.

6 Loftræsing

Vélræn loftræsing (útsog) skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum, þvottaherbergi og í gluggalausum rýmum en í öðrum rýmum er loftað um opnanleg fög. Loftræsing er samkv. gr. 10.2.5 í byggingarreglugerð.

7 Lagnir

Neysluvatnslagnir eru rör í rör lagnir, kaldavatnslagnir eru lagðar undir einangrun botnplötu en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu. Húsið er hitað upp með gólfhitagöngum, steyptar í botnplötu (sjá lagnateikningar). Frárennslislagir frá húsi skal leiða í rotþró á lóð. Stærð rotþróar skal ákvörðuð af lagnahönnuði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir, en skal að lágmarki vera 3000 lítra. Hitastig vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna. Einnig skal með öryggisbúnaði neysluvatnskerfa t.d. varmaskipta eða uppblöndunarloka koma í veg fyrir að hiti fari upp fyrir 65°C. Setlaug skal vera skv. gr. 12.10.4 í byggingarreglugerð.

Allt lagnaefni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum.

Inntök hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns eru í útgeymslu. Sorpi skal komið fyrir í sorpgámum sveitarfélagsins.



Skýringar:
 R - Rotþró
 --- Byggingareitur
 --- Lóðarmörk

Afstöðumynd
 1 : 500

Útreikningur á lágmarks loftun þakflatar samkv. byggingarreglugerð				
Flatarmál þakflatar	2,2			
Lágmarks loftun pr. ferm.	1,000			
lengd (m)	4.05 (þakflatar upp að mæni)			
Breidd (m)	0.55 (sperrubíl)			
Stærð rörs	Innanm.	Flatarmál	E.Rýmun	Fjöldi röra
32	28	616	369	6
40	36	1,018	611	4
50	46	1,662	997	2
60	56	2,463	1,478	2
70	66	3,421	2,053	1
80	76	4,536	2,722	1
90	86	5,809	3,485	1
100	96	7,238	4,343	1
110	106	8,825	5,295	0
Loftun með opnum milli sperra				
Lág. loftun	Með 40% rýrnun	lágmarks op í mm		
2227.5	3,118.5	6		

20201287

Pro-Ark Teiknistofa
 Lækjarbrekka 4, Syðri Brú

4-20-012 Grímsnes- og Grafingshreppi

Afstöðumynd og byggingarlýsing

Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFÍ Kt: 190275-5319

Teikn. ÞS
 Dags. 25/05/20 Útgáfa 1
 Mkv. 1:100
 Bláðast. A2 A-100